

**Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 12. Nóvember 2015, kl 15.00, haldinn í fjarfundi.**

Mætt voru Friðbjörg Matthíasdóttir, formaður, Daníel Jakobsson, Ingibjörg Emilsdóttir, Pétur G Markan og Sigurður Hreinsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar 8. október 2015  
Fundargerð stjórnarfundar 8. Október 2015 lögð fram til staðfestingar, en hafði áður verið send í tölvupósti. *Fundargerð staðfest.*
2. Málefni Markaðsstofu
  - a. Fundargerð ráðgjafaráðs MV, 13. okt 2015  
Lögð fram fundargerð 13. október 2015. Framkvæmdastjóri kynnti efni fundargerðarinnar.

Í 5. lið fundargerðar er tekið fyrir erindi frá stjórn FV, varðandi erindi N4, sjónvarpsstöðvar um sjónvarpsþáttagerð á Vestfjörðum. Rætt um efni máls og eftirfarandi bókun samþykkt.

*Stjórn FV þakkar N4 fyrir á áhugaverða framsetningu á verkefni sem FV sér ekki fært að taka þátt í að svo stöddu.*

- b. Vegvísir ferðaþjónustu. Minnisblað

Lagt fram minnisblað markaðsfulltrúa um stefnumörkun stjórnvalda í ferðamálum. Iðnaðarráðherra verður með kynningarfund þann 30. nóvember á Ísafirði og þeirri beiðin hefur verið komið á framfæri að sambærilegur fundur verði haldinn á Patreksfirði. Rætt um efni máls, eftirfarandi samþykkt.

*Stjórn FV telur að efni stefnumörkunar Vegvísir ferðaþjónustu verði mikilvægur grunnur fyrir vöxt og framgang ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að lögð er áhersla á beina aðkomu fyrirtækja og stöðkerfis ferðaþjónustu í héraði, að stefnumörkun og framkvæmd verkefna. Mikilvægum verkefnum er einnig beint að sveitarfélögum s.s. í skipulagsmálum. Stjórn FV leggur áherslu á að sveitarstjórnir á Vestfjörðum kynni sér efni Vegvísir ferðaþjónustunnar og komi sjónarmiðum sínum á framfæri á fundum með iðnaðarráðherra.*

3. Málefni Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða

Lagt fram minnisblöð menningarfulltrúa og framkvæmdastjóra um undirbúning næstu úthlutunar

- Starfshættir úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða
- Úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs.Vestfjarða 2016

Í meginatriðum er lagt til að starfshættir og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða verði með sambærilegum hætti og við úthlutun ársins 2015. Rætt um efni máls, samþykkt eftirfarandi

*Stjórn FV staðfestir starfshætti fyrir úthlutunarnefnd og reglur fyrir úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða.*

*Stjórn FV samþykkir að heimila auglýsingu umsókna Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða með skilafresti 22. janúar 2016 eða undir lok janúar.*

*Ákvörðun um skiptingu framlaga á efnisflokka, menningar, nýsköpunar og atvinnuþróunar og stofn og rekstarstyrki verður tekin þegar fjárlög fyrir árið 2016 hafa verið afgreidd frá Alþingi.*

Kynnt staða útborgunar styrkja ársins 2015, en alls hafa verið greiddar út um 23 mkr af 60 mkr. Gengið hefur verið frá samningum fyrir um 50 mkr og reiknað er með að gerðir verði samningar um eftirstöðvar fyrir komandi áramót.

#### 4. Málefni umhverfissvottunar sveitarfélaga

Lögð fram fundargerð framkvæmdaráðs umhverfissvottunar frá 22. október s.l..

Framkvæmdastjóri vakti athygli á verkefninu *plastpokalausir Vestfirðir*. Sótt hefur verið um stuðning í verkefnið úr verkefnasjóði ráðuneyta.

Rætt um stöðu verkefnisins og samstarf við sveitarfélögin. Eftirfarandi samþykkt.

*Stjórn FV felur verkefnastjóra og framkvæmdastjóra að uppfæra aðgerðaáætlun fyrir verkefnið, sem lögð verði fyrir samráðsfund FV og sveitarfélaga þann 14. janúar n.k..Í aðgerðaáætlun verði einnig lagt mat á stöðu verkefnisins og framtíð þess.*

#### 5. Áhersluverkefni FV með stuðningi Sóknaráætlunar

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu áhersluverkefnis FV innan Sóknaráætlunar Vestfjarða *Stefnumörkun sveitafélaga á Vestfjörðum*. Leitað hefur verið tilboða hjá þrem ráðgjafafyrirtækjum um framkvæmd verkefnisins. Stjórn FV samþykkir, að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningi um verkefnið.

#### 6. Málefni strandsvæða Vestfjarða

Framkvæmdastjóri lýsti áhyggjum af stöðu vinnu starfshóps um frumvarpsgerð um haf og strandsvæðaskipulag, en hann situr í starfshópnum fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga. Frumvarpið er á þingmálaskrá ríkisstjórnar en lítið hefur þokast í málinu á síðustu mánuði og virðist málið vera fast á milli ráðuneyta. Ljóst má vera að frumvarpið komi ekki fram fyrir áramót en þrýsta verður á ráðuneyti og Alþingi að málið komi fram í upphafi vorþings.

#### 7. Framkvæmd 60. Fjórðungspings Vestfirðinga og skólaþings

##### a. Könnun á framkvæmd

Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu viðhorfskönnunar um framkvæmd 60. Fjórðungspings Vestfirðinga. Almennt eru þingfulltrúar ánægðir með störf þingsins. Rætt um efni máls. Stjórn

telur að uppfæra þurfi umgjörð og skipulag þingsins og koma efni þess betur á framfæri við fjölmiðla, jafnt á meðan því stendur og í framhaldi þess. Stjórn samþykkir síðan

*61. Fjórðungsþing (vorþing samkvæmt nýjum samþykktum) verði haldið miðvikudag 4. maí og haustþing föstudaginn 2. september. 61. Fjórðungsþing verði haldið á Ísafirði en haustþing verði haldið í Kaldrananeshreppi. Framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning þessara þinga.*

b. Minnispunktar um skólaþing FV, 1. okt

Framkvæmdastjóri kynnti minnispunkta frá Línu Björgu Tryggvadóttur, verkefnastjóra um framkvæmd og vinnu í framhaldi af skólaþingi FV, sem haldið var þann 1. október s.l. Þingið tókst í alla staði mjög vel og efni þingsins hefur verið kynnt sveitarfélögum. Rætt um efni máls. Stjórn samþykkir síðan;

*Stjórn FV felur framkvæmdastjóra og verkefnastjóra að vera með kynningu á niðurstöðu skólaþings á samráðsfundi FV og sveitarfélaga þann 14. janúar n.k. á Hólmavík. Tekið verði til umræðu hvort sveitarfélögin stofni til samráðshóps um gæði skólustarfs sem verði á vegum sveitarfélaganna en ekki sem verkefni FV.*

8. Umsagnir til Alþingis

a. Fjáraukalög 2015

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að umsögn um fjáraukalög 2015. Tekið verði á tveim málum. Annarsvegar verði óskað eftir aukafjárveitingu til BsVest er nemi áætluðum rekstarhalla samlagsins eða 90 mkr. Hinsvegar er að vekja athygli á að aukin framlög til rannsókna á sjávarflóðum leiða til uppbyggingar á höfuðborgarsvæðinu, en ekki á starfstöð á Ísafirði sem hafði frumkvæði í málinu með aðild sveitarfélaga og Háskólaseturs.

*Stjórn FV samþykkir tillögu framkvæmdastjóra að umsögn til Alþingis.*

9. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Kynnt sameiginleg áskorun til Alþingis og ríkisstjórnar varðandi fimm málefni.

- Þjónusta við fatlað fólk
- Samningar um sóknaráætlun
- Samgöngumál (nýframkvæmdir, viðhald og þjónusta)
- Almenningsamgöngur
- Ljósleiðaravæðing

Áskorunin hafði áður verið staðfest í tölvupósti en stjórn FV staðfestir hana hér með.

10. Stýrihópur stjórnarráðsins um byggðamál

Kynnt dagskrá fundar stýrihóps þann 13. nóvember n.k., fundurinn er haldinn í mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Framkvæmdastjóri og Sigurður Hreinsson munu sækja fundinn.

## 11. Önnur mál

### a. Almenningsamgöngur.

Boðaður hefur verið fundur FV, SSV og SSNV um almenningsamgöngur í norðvestur kjördæmi, þann 13. nóvember í Reykjavík, ræða á fyrirkomulag samstarfs landshlutasamtakanna s.s. aðild að einkahlutafélagi um verkefnið. Málið hefur áður komið til umræðu á stjórnarfundum FV þann 9. desember 2014. Fundinn sækja framkvæmdastjóri og Sigurður Hreinsson, formaður samgöngunefndar FV.

Kynntir minnisþingur frá framkvæmdastjóra SSV dags. 11. nóvember. Efni máls rædd og stjórn FV samþykkir *að gefa heimild til að ræða aðild FV að einkahlutafélagi en endanlegri ákvörðun frestað þar til öll gögn um málið liggja fyrir.*

### b. Yfirlit um erindi til og frá FV

Lagt fram yfirlit um aðsend erindi og erindi frá FV til loka október.

### c. Sátt í máli Garðars Jónssonar

Lögð fram sátt í máli FV, Íslenskur auglýsingarstofunnar og Garðars Jónssonar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17.00

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.